

Fréttir frá Eikinni 16.október

Í hópastarfi á fimmtudag bjuggum við til köngulóarvef. Allir fengu pappaspjald og á það teiknuðu börnin línur horn í horn og í kross og hring. Settu lím ofan á línurnar og límdu garn beint á línurnar. Síðan voru köngulær gerðar úr ull sem börnin hnoðuðu og límdu á. Fæturnir voru teiknaðir með tússpenna. Einnig mátti líma laufblöð ef börnin vildu.



Í dag, föstudag, er dótadagur. Börnin voru búin að bíða spennt eftir dótadeginum, enda er hann mjög vinsæll. Glaðværðin leyndi sér ekki þegar börnin komu í morgun og gátu sýnt hinum börnunum og starfsfólki dótið sitt og jafnvel fengið að prufa hjá öðrum.



Góða helgi !

Elín Hulda og Heleen.